

Sumarnámskeið í ágúst



Feringarfræðslan í Neskirkju er unnin samkvæmt því markmiði, að feringarbörnin fái gagnlega kynningu, dýrmæta reynslu og gott veganesti á þeim tímamótum sem þau standa á. Þar er fléttað saman hefðbundinni fræðslu, leik og upplifun. Stefnumót feringarbarna við sóknarkirkjuna eiga að vera ánægjuleg og skilja þau eftir með þá tilfinningu að þau séu dýrmæt hvert og eitt og hafi jákvæða sýn á lífið og náungann.

Feringarnámskeið hefst sunnudagskvöldið 16. ágúst 2015 kl. 20.00 og verður kennt frá mánudegi 17. ágúst til fimmtudagsins 20. ágúst frá kl. 10.00 - 16.00. Fyrsta hluta námskeiðsins lýkur með messu sunnudaginn 23. ágúst kl. 11 en þá ganga börnin til altaris í fyrsta sinn.

Á námskeiðinu munu starfa margir fræðarar með ólíkan bakgrunn og reynslu. Kennst verður í litlum hópum, farið í vettvangsferðir, horft á kvikmynd og fleira gert.

Námskeiðið stendur öllum ungmennum í 8. bekk til boða óháð því hvort þau stefni á að fermast að vori eða ekki og hjálpar þeim fremur en hitt við að taka upplýsta ákvörðun í þeim efnum.

Yfir veturinn verða fræðslukvöld fyrir feringarbörn og fjölskyldur þeirra, ferðalag í Vatnaskóg og fjölbreytt helgihald.

Kostnaður: Feringargjaldið er kr. 19.500,- en innifalið í því er fræðslugjald skv. ákvörðun ráðuneytis, kennslugögn, kyrtlaleiga, matur og drykkur alla námskeiðsdagana, ferðalag og annar kostnaður.

Skráning og val á fermingardögum

FERMINGARDAGAR 2016

Laugardagurinn 19. mars (fyrir pálmasunnudag)
kl. 11.00 og 13.30

Annar í páskum 28. mars kl. 11.00

Sunnudagurinn 3. apríl kl. 13.30



Skráning hefst 1. júní

Hægt er að taka frá fermingardag um leið og barn er skráð í fræðsluna.

Hægt er að hringja í síma 511-1560 eða koma við í Neskirkju við Hagatorg á skrifstofutíma milli klukkan 10 og 15.

Hámarksfjöldi barna í hverri athöfn eru 25.

Fermingar í Neskirkju

NESKIRKJA VIÐ HAGATORG
107 REYKJAVÍK
511 1560
NESKIRKJA.IS

